

Mánudaginn 4. nóvember 1918.

39/1918.

Eggert Kristjánsson  
gegn  
B. H. Bjarnason.

## D ó m u r :

Mál þetta höfðaði B. H. Bjarnason kaupmaður í Reykjavík fyrir bæjarþingsréttinum þar gegn Eggert Kristjánssyni söðlasmið sama staðar út af verzlunar-skuld, að upphæð 39 kr. 74 aur. og var málinu ráð-ið til lykta á bæjarþinginu með dómi, uppkveðnum 23. maí þ. á., á þá leið að Eggert Kristjánsson var dæmdur til að greiða B. H. Bjarnason áminsta skuld 39 kr. 74 aura með 5<sup>0</sup>/<sub>100</sub> vöxtum frá sáttakærudegi, 14. sept. f. á. til greiðsludags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefir Eggert Kristjánsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 6. júlí þ. á., og gert þær réttarkröfur að dómurinn verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að skuldin öll verði færð niður í 16 kr 20 aura, er hann tjáist jafnan hafa ver-ið fús til að greiða, að hann verði að öðru leyti sýknaður af kröfum stefnda, og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati réttarins. Hins vegar hefir stefndi, B. H. Bjarna-son kaupmaður, eigi mætt í málinu og enginn af hans hendi, þótt löglega sé stefndur, og verður þá málið dæmt eftir gögnum þeim og skilríkjum, sem fram eru komin frá hendi áfrýjanda eins og fyrir er mælt í N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796 2. gr.

Á skuldakröfu-reikningi stefnda til áfrýjanda

þeim, sem mál þetta er risið af, eru 2 liðir, nl. 22 krókar á 25 a. = 5 kr. 50 aur. og 107 kg. hálmur á 32 a. = 34 kr. 24 k, og eru vörur þessar útteknar í júnímán. f. á. — Áfrýjandi kannast við að hafa fengið þessar vörur í verzlun stefnda og hefir ekkert að athuga við verðið á krókunum. En verðið á hálminum telur hann óhæfilega hátt og rangt, og tjáist eigi vilja borga meira fyrir hvert kilogram af honum en 10 aura, eða alls fyrir hálminn 10 kr. og 70 aura. Vill hann þannig borga af reikningnum 16 kr. 20 aura eins og áður segir. Hins vegar heldur stefndi fast við það, að verðið sé rétt sett á hálminn 32 aur. pr. kilogram, hálmurinn hafi kostað sig meira en þetta, og áfrýjanda hafi verið tjáð, að þetta væri verðið á honum, er hann keypti hann í verzlun stefnda, en um alment gangverð á hálmi hér í bæ, sé eigi og geti eigi verið að ræða, því að hann sé eigi almenn verzlunarvara. Áfrýjanda hafi staðið til boða að skila hálminum aftur, en það hafi hann eigi gert, og verði hann því að greiða verðið afdráttarlaust fyrir hann. Aftur á móti heldur áfrýjandi því fram, að verð á hálmi hér í bæ um þetta leyti hafi verið miklu lægra, og eigi hærra en 10 aurar pr. kg. að meðaltali, og hefir hann því til sönnunar lagt fram 2 reikninga frá stefnda sjálfum, er sýna að að áfrýjandi hefir keypt hálm hjá honum 15. janúar og 18. apríl f. á. fyrir 10 aura kilogrammið og enn fremur 7 reikninga frá ýmsum kaupmönnum, er áfrýjandi hefir keypt hálm hjá árið sem leið í apríl, ágúst, sept. og okt., og er verið á hálminum í þeim reiknað 6—12 aur. pr. kilogr. Þá mótmælir hann því, og telur



það fjarstæðu að hálmurinn hafi kostað stefnda meira en 32 aur. kílógr. í innkaupi eða nokkuð líkt því, og enn mótmælir hann því, að honum hafi verið sagt þetta verð á hálminum, er hann lét kaupa hann; um verðið hafi hann eigi vitað fyr en hann fékk reikninginn og þá þegar mótmælt því, en hálminum hafi hann ekki getað skilað aftur, því að hann hafi þá verið búinn að brúka hann við atvinnu sína.

Það er ekkert sannað um það í málinu fyrir, hvaða verð stefndi hafi keypt hálminn og umsögn stefnda um það hefir áfrýjandi mótmælt sem raka-lausri; með reikningum þeim, er áfrýjandi hefir lagt fram einkanlega 2 reikningunum frá stefnda sjálfum, hefir hann leitt rök að því, að hann gat búist við því að fá hálminn fyrir 10—12 aura pr. kílógr. og að verð það, er stefndi nú heimtar fyrir hálminn, er fram úr hófi hátt. Þessu raskar það ekki, þótt stefndi hafi sýnt í málinu viðurkenningu frá einum viðskiftamanni sínum um það, að hann hafi keypt af stefnda um miðjan ágúst f. á. halm fyrir 32 aura kílógr. Í málinu hefir verið fenginn fyrir rétti vitnisburður verzlunarmanns stefnda, er afhenti hálminn, og vitnisburður sendimanns áfrýjanda, er veitti henum móttöku, um það, er þeirra fór á milli. Verzlunarmaðurinn vottar að hann hafi, að því er hann frekast minnir, sagt við sendimanninn að verðið væri 16 aurar á pundi, en hins vegar vottar sendimaðurinn, að hann hafi spurt verzlunarmanninn um verðið og hafi hann svarað 16 aurar án þess að nefna pund, og segist sendimaðurinn þá hafa talið sjálfsagt að hann ætti við kílógram; þá hefir verzlunarmaðurinn

vottað að hann hafi daginn eftir að kaupin gerðust á hálminum, símað til áfrýjanda og tilkynt honum, að verðið á honum gæti ekki orðið undir 32 aurum pr. kilogram.

Með tilliti til þess er þannig hefur farið á milli málsaðila og þess hinsvegar, að hið umkrafaða verð á hálminum virðist eftir framkomnum gögnum óhóflega hátt, þykir rétt að dæma stefnda 16 aura fyrir hvert kilogram af hálminum, eða alls fyrir hálminn 17 kr. 12 a. Verður þá krafa hans öll á hendur áfrýjanda 22 kr. 62 a. og verður honum dæmd þessi upphæð með vöxtum, eins og segir í bæjarþingsdómnum. Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Eggert Kristjánsson greiði stefnda B. H. Bjarnason kaupmanni 22 kr. 62 a. með 5% vöxtum p. a. frá 14. septbr. f. á. til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaáðför.